

Aðalfundur Íslandsdeildar ICOM

Haldinn fimmtudaginn 30. mars kl. 16:00

í Safnahúsinu við Hverfisgötu.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt 6. grein laga Íslandsdeildar ICOM.

Kristín Dagmar setti fund og bauð gesti velkomna. Lagði til að Sigurður Trausti Traustason yrði fundarstjóri.

1. Ársskýrsla 2016 kynnt

Kristín Dagmar formaður sagði frá starfi deildarinnar á árinu. Stórn hélt 8 fundi á árinu Félagar í deildinni eru 86. Deildin fékk styrk 1.000.000 frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og 1.500.000 styrk til að standa straum af kostnaði vegna safnadags og safnaverðlauna. Alls veitti deildin 4 styrki til að sækja alsherjarþing ICOM í Mílanó. Aðalfundur og fundur ráðgjafaráðs ICOM voru haldnir í tengslum við allsherjarþing í Mílanó. Inga Jónsdóttir og Sif Jóhannesdóttir sátu þingið fyrir hönd deildarinnar. ICOM nord aðalfundur haldinn í Tamper í Finnlandi, Kristín Dagmar Jóhannesdóttir og Helga Lára Þorsteinsdóttir sóttu fundina. Ólöf Gerður Sigfúsdóttir hefur tekið sæti í ritsjórnarnefnd vegna ráðstefnu um viðkvæm málefni (difficult issues) sem haldinn verður í Helsingborg í september. Safnadagurinn var haldinn 18. maí í samstarfi við FÍSOS. Safnaverðlaun voru veitt Byggðasafni Skagfirðinga þann 13. júlí á Bessastöðum. Kallað hefur verið eftir erindum á „Difficult issues“ ráðstefnuna í Helsingborg sem er samstarfsverkefni ICOM nord og ICOM Germany. Kristín Dagmar sagði frá efni ráðstefnunnar og heimasíðu hennar. Búið að auglýsa ferðastyrki á vegum deildarinnar, umsóknir vegna ráðstefnunnar í Svíþjóð hafa forgang, umsóknarfrestur er til 1. apríl. Deildin tilnefndir í ýmsar nefndir, Safnaráð, Bláa skjöldinn og Húsafriðunarnefnd. Skýrslan borin upp og samþykkt

2. Ársreikningur 2016

Inga Jónsdóttir gjaldkeri lagði fram ársreikninga félagsins 2016, tekjur voru 3.855.906 og gjöld 3.858.386. Eignir í útgáfu- og ferðasjóði 1.349.574. Eign í ráðstefnusjóði 7.927. Halli á rekstri ársins er 2.480. Eignir deildarinnar eru samtals 1.144.466, skuldir 0.

Reikningar bornir upp og samþykktir einróma.

3. Starfsáætlun 2017

Nathalie Jacqueminet og Kristín Dagmar kynntu starfsáætlun. Aðalfundur verður haldinn í París, þar verður einnig vinnufundur fyrir ICOM nord ráðstefnuna. Fundur Icom nord verður haldinn á sama tíma og ráðstefnan. Unni' er að skipun í valnefnd safnaverðlauna og vinnu við alþjóðasafnadaginn „Söfn og erfiðar sögur“. Hádegisviðburður og umræðuvettvangur, á vegum ICOM. FÍSOS heldur utan um skipulagningu. Stefnt að því að halda tvö siðareglunámskeið á

árinu. Fulltrúar deildarinnar í Bláa skildinum eru Nathalie og Sif. Helga Lára er aðalmaður í Safnaráði og Sigurður Trausti varamaður, þau eru tilnefnd af deildinni.

Starfsáætlun borin upp til samþykktar, samþykkt.

4. Kjör til stjórnar

Inga Jónsdóttir gefur ekki kost á sér áfram sem aðalmaður og gjaldkeri. Sif Jóhannesdóttir hefur boðið sig fram. Hún hefur sl. ár verið varamaður í stjórn. Inga Jónsdóttir býður sig fram sem varamann í stað Sifjar. Lilja Árnadóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir bjóða sig fram sem skoðunarmenn reikninga. Þessi framboð samþykkt með klappi.

5. Kynning frá Mílanó

Inga og Sif sögðu frá ferð á aðalfund og allsherjarþing ICOM í Mílanó.

6. Önnur mál

Kristín Dagmar greindi frá því að stefnt er að því að uppfæra heimasíðu deildarinnar.

Umræður um Safnadaginn, um hvernig félagið vill sjá hann þróast. M.a. hvort leggja eigi áherslu á dagskrá fyrir almenning, eða hvort réttara sé að leggja meiri áherslu á dagskrá fyrir safnafólk. Tengja þarf viðburði ársins við þema dagsins. Rætt hver tilgangur dagsins er og hvern við viljum hafa hann. Verður líka rætt á aðalfundi FÍSOS. Stemning fyrir að fá öflugan fyrirlesara, til að vekja áhuga almennings, eða a.m.k. stærri hóp en bara safnafólk. Umræða um að nota ICOM meira til að setja okkur í alþjóðlegt samhengi. Lagt til að dagurinn verði líka notaður til að dreifa Safnabókinni. Tillaga um að láta „streyma“ fyrirlestri á Safnadegi. Þá tækifæri fyrir safnafólk og almenning á landsbyggðinni að njóta.

Rætt um mikilvægt þess að vanda til tilnefninga í nefndir og ráð. Lilja Árnadóttir benti á ákvæði laganna um tilnefningar í nefndir og ráð. Vel þarf að vanda til svo þeir sem skipaðir eru séu ekki meira og minna vanhæfir til að sinna störfum nefnda og ráða sem skipað er í. Það er mikilvægt að fulltrúar í ráðum og nefndum haldi sambandi við það félag sem skipar viðkomandi fulltrúa. Afar mikilvægt að fulltrúar séu meðvitaðir um fyrir hverja þeir eru fulltrúar.

Ekki fleira bókað, fundi slitið 17:20